

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	27/9 2021
Málsnr:	7102146
Bréfal:	042.1



Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfjörður - Sími 510 0800 - Fax 510 0809 - Netfang hlif@hlif.is

Hafnarfirði 23. september 2021

Ágæta bæjarstjórn

Í meira en ár hefur Verkalýðsfélagið Hlíf átt í nokkrum samskiptum við bæjarstjóra og fleiri embættismenn, vegna ástandsins á leikskólum bæjarins. Nú síðast áttum við ágætan fund með bæjarstjóra og fleirum í lok júní.

Með þessu bréfi vill stjórn Hlífar upplýsa bæjarstjórnina og vekja athygli hennar á grafalvarlegri stöðu á leikskólum bæjarins. Illa gengur að manna skólana, veikindi eru algeng, bæði langtímoveikindi og skemmri fjarvistir vegna veikinda. Mörg dæmi eru um að starfsfólk, sem hefur starfað árum saman í leikskólum hjá Hafnarfjarðarbæ, hafi sagt upp og ráðið sig í sambærileg störf í öðrum sveitarfélögum.

Við erum þess fullviss að skýringanna er m.a. að leita í eftirfarandi:

1. Óhagstæður samanburður kjara við nágrannasveitarfélögin

Í Reykjavík, Kópavogi, Mosfellsbæ og öðrum sveitarfélögum í nágrenninu hefur verið samið um sérstakar greiðslur fyrir að matast með börnum. Aðrir aðilar en Hafnarfjarðarbær sem Hlíf semur við, svo sem Garðabær og Hjallastefnan umbuna jafnframt starfsfólk á leikskólum fyrir að matast með börnum, þótt ekki sé kveðið á um það í kjarasamningum. Þetta tíðkaðist hjá Hafnarfjarðarbæ, en var afnumið sem ein af tímabundnum aðgerðum til að bregðast við afleiðingum efnahagshrunsins. Þær hafa flestar verið teknar til baka – en ekki þessi, þrátt fyrir að aðgerðin hafi á sínum tíma verið kynnt forsvarsfólk Hlífar þannig að hún væri tímabundin.

Til viðbótar við þetta var samið um sérstaka láglunauppbót í síðustu kjarasamningum við Reykjavíkurborg, Kópavog, Seltjarnarnes og Mosfellsbæ.

Samanburðurinn við nágrannasveitarfélögin er Hafnarfirði því afar óhagstæður og hefur ýtt undir þá tilhneigingu að starfsfólk hér leiti annað.

2. Sífellt og vaxandi álag vegna undirmönnunar

Undirmönnun bitnar á starfsfólki. Það þarf að „hlaupa hraðar“ til þess að hægt sé að halda skólunum opnum. Þetta kemur niður á gæðum þjónustu og heilsu starfsfólks og gengur ekki til lengdar. Þess eru allmög dæmi að loka hefur þurft deildum og senda börnin heim suma daga vegna undirmönnunar. Síðan eru miklu fleiri dæmi um að það hefði átt að loka, þótt það hafi ekki verið gert. Það er raunar mjög alvarlegt mál, því það getur ógnað öryggi bæði barna og starfsfólks.

Hér að neðan okkur nokkur atriði sem ýta enn frekar undir þessa stöðu:

- a. Leikskólakennrar eru með 10 undirbúningstíma á viku og eru þá ekki með börnunum. Það er u.p.b. fjórðungur vinnutíma kennaranna. Það eykur mannaflaþörfina og þótt það hafi vafalítið verið tekið inn í reiknilíkan um mannaflaþörf, þá býr reiknilíkanið ekki til starfsfólk.
- b. Stytting vinnutímans fækkar þeim tímum sem ófaglærðir eru á deildum. Sé tekið dæmi um t.d. 200 starfsmenn í 65 mínútur á viku (styttingin uppsöfnuð) =217 klukkustundir á viku. Það þýðir að fimm og hálfur starfsmaður er að jafnaði í burtu vegna styttingarinna. Væri ástandið á leikskólunum eðlilegt og deildir fullmannadár, væri hægt að útfæra styttingu vinnutímans með þeim hætti að áhrifin væru alfarið jákvæð, en þegar því er ekki til að dreifa, eykur þetta enn á þrýstinginn á starfsfólk.
- c. Covidfaraldurinn hefur enn aukið á vandann. Leikskólastarfsfólk vinnur ekki í fjarvinnu, heldur stöðugt í návigi við fólk. Ýmsar sóttvarnaráðstafanir sem grípa hefur þurft til, hafa enn aukið á álag á starfsfólk. Allir hljóta að geta verið sammála um að ef starfsemi leikskólanna raskast verulega, hefur það víðtæk áhrif á allt þjóðlífíð. Í öllu talinu um að umbuna starfsfólkini í framlínunni vegna óeigingjarns starfs í heimsfaraldrinum, hefur starfsfólk að leikskólunum orðið útundan. Ef þessa fólks hefði ekki notið við, hefðu áhrif heimsfaraldursins orðið enn verri en raun ber vitni.

Við höfum ekki hrópað á torgum, höfum einlæglega trúað því að vilji sé til þess að koma til móts við hógværar væntingar þessa láglaunahóps. Það er þó ljóst að það er sterkt undiralda og þolinmæði hópsins er á þrotum. Það er því nauðsynlegt að gripið verði til aðgerða strax. Það dugar ekki að bíða fjárhagsáætlunar næsta árs í því sambandi.

Verkalýðsfélagið Hlíf er reiðubúið til að taka þátt í að móta aðgerðir til að koma til móts við þennan hóp starfsfólks, með það fyrir augum að bæta mönnun og draga úr óánægju.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd stjórnar Verkalýðsfélagsins Hlífar

